

## **D Ó M U R**

**Héraðsdóms Reykjaness föstudaginn 6. júlí 2007 í máli nr. S-397/2007:**

### **Ákærvaldið**

*(Jóhann Svanur Hauksson fr.)*

**gegn**

**Jóni Brynjari Jónssyni**

*(Smári Hilmarsson hdl)*

Mál þetta, sem dómtekið var 26. júní sl., er höfðað með ákæru lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu 2. maí 2007 gegn Jóni Brynjari Jónssyni, kt. 000000-0000, Smáratúni 4, Álftanesi fyrir líkamsárás. Er honum gefið að sök að hafa að kvöldi laugardagsins 14. október 2006, á veitingarstaðnum Pizzunni, Smiðsbúð 9, Garðabæ, slegið Örn Ólafsson, kt. 000000-0000 þrjú hnefahögg í andlitið og sparkað í höfuð hans með þeim afleiðingum að Örn hlaut nefbrot, blóðnasir og mar á öðrum hlutum höfuðs.

Telur ákærvaldið þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981 og 111. gr. laga nr. 82/1998. Er þess krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Af hálfu ákærða er krafist vægustu refsingar.

Fyrir liggur í málinu að ákærði greiddi brotþola skaðabætur og féll brotþoli þá frá skaðabótakröfu sinni í málinu.

Ákærði hefur skýlaust játað brot sitt og er það rétt fært til refsíákvæða í ákæru. Ákærði hefur ekki áður hlotið refsingu. Refsing hans þykir hæfilega ákveðin fangelsi í tvo mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar í tvö ár haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar sem er 23.200 krónur vegna læknisvottorðs.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

d ó m s o r ð:

Ákærði, Jón Brynjar Jónsson, sæti fangelsi í tvo mánuði. Fresta skal fullnustu refsingarinnar og niður skal hún falla að liðnum tveimur árum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar, 23.200 krónur.

Gunnar Aðalsteinsson